



NORRÆNA FÉLAGIÐ
100 ára 1922 - 2022



Bæjarstjórn Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Hafnarfirði, 26. júlí 2022

Efni: *Norræna félagið á höfuðborgarsvæðinu*

Þann 29. september 2022 verða liðin 100 ár frá stofnun Norræna félagsins á Íslandi. Markmið félagsins er að efla norrænt samstarf á öllum sviðum samfélagsins, einkum í félags-, menningar- og umhverfismálum og styrkja vináttuböndin við frændur okkar á hinum Norðurlöndunum. Norræna félagið starfar í deildum víða um land og standa þær fyrir ýmsum viðburðum í sínum sveitarfélögum.

Deild Norræna félagsins í Mosfellsbæ hefur starfað í áratugi en hún var sameinuð öðrum deildum á höfuðborgarsvæðinu árið 2020. Það var gert til að styrkja starfsemi félagsins. Í dag þarf Höfuðborgardeildin að finna jafnvægi í starfi hinnar sameinuðu deildar þar sem bæði þarf að vinna út á við sem ein heild en jafnframt að styðja norrænt vinabæjarsamstarf einstakra sveitarfélaga á svæðinu.

Norræna félaginu á höfuðborgarsvæðinu yrði mikill akkur í því eiga gott samstarf við sveitarstjórnir í þeim sveitarfélögum sem eru innan starfssvæðis deildarinnar þ.e. í Hafnarfjarðarbæ, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavík og Seltjarnarnesbæ. Þetta snertir bæði þátttöku í norræna vinabæjarsamstarfinu og að kynna norrænt samstarf almennt og möguleika innan þess fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Þess er hér með farið á leit að Mosfellsbær taki á móti norrænum gestum sem koma hingað til lands í tilefni Höfuðborgar- og vinabæjarmóts Norrænu félaganna 29.9. – 1.10. 2022. Á dagskránni er m.a. heimsókn gestanna í Mosfellsbæ (Gljúfrastein og Álafoskvosina) að morgni 1. október nk.

Með erindi þessu óskar Norræna félagið á höfuðborgarsvæðinu eftir fundi með forsvarsmönnum Mosfellsbæjar til að kynna starfsemi félagsins og ræða möguleika á samstarfi auk heimsóknar norrænu gestanna 1. október nk.

Fulltrúa bæjarstjórnar Mosfellsbæjar verður boðið á dagskrá afmælishátíðar Norræna félagsins 29. – 30. 9. 2022. Formlegt boð verður sent innan tíðar.

Með hlýjum kveðjum fyrir hönd Norræna félagsins á höfuðborgarsvæðinu

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir mag.art
formaður Norræna félagsins á höfuðborgarsvæðinu
og afmælisnefndar Norræna félagsins
rht@simnet.is